



CQ TF



3. tölublað 17. árgangur júlí 1999

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.R.A.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VST

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

QSL Manager:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



**Þessi gæti verið úr Mývatnssveitinni.
Er ekki upplagt að strengja loftnet í
svona hraundranga í útileikunum**

Meðal efnis í þessu blaði:

Frá formanni	2
Fundargerðir stjórnarfunda	3
TF3JS þagnaður lykill silent - key	4
Námskeið-smíðaverkefni-amatörismi	5
OHR 100 A QRP	6
TF Útileikarnir 1999	7
Radíóamatörar	12
Stafrænarsendingar	13
Málhreinsun	15
Fréttir	16

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Þróttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Frá formanni

Ágætu félagar.

Núna er hópur af nýjum amatörum á leið í “loftið” Í byrjun árs komu saman u.þ.b. 20 manns sem höfðu áhuga á því að kynna amatörradíó og því sem það hefur upp á að bjóða. Til að stýra námskeiðinu var haft samband við TF3JA sem tók að sér þetta verkefni og einnig TF3AX sem sá um morsið og fékk hann leyfi TF3KB til að nota þær segulbandsspólur sem hann hafði sett saman hér áður og hafði notað með góðum árangri á morse námskeiðum. Af þessum 20 sem byrjuðu fóru 11 í próf sem nú í fyrsta sinn var samið þannig að 40% árangur gaf nýliðapróf og 60% gaf A/T próf. Einn af próftökunum náði ekki tilgreindum árangri, einn náði nýliðaprófi og 9 náðu A/T árangri.og sumir þeirra hafa ákveðið í samráði við Axel að halda áfram og reyna við 65 stafa hraða og fá þannig full réttindi amatöra þe. A-leyfi.

Þetta fyrirkomulag varðandi prófin held ég að verði framtíðarfyrirkomulag og vert að þakka P&F fyrir þeirra lipurð í þessu máli. Ekki aðeins var breytt fyrirkomulag varðandi skriflega prófið heldur var okkur einnig leyft að sjá um smíðaprófið og sjálfir að meta og dæma um árangur verkefnisins og gefa skýrslu um það til P&F. Eina kvöðin sem stofnunin setti fram var sú að þarna væri um vandað eftirlit af okkar hálfu og að þessi verkefni væru raunverulega smíðuð undir okkar umsjón. Jón Þóroddur TF3JA tók þetta upp á sína arma. Hann fann teikningu af QRP sendi sem kallast ELMER 101 en það er Tranc. Sem á að ganga á 3,5 Mhz og á 21 Mhz. Félagið tók að sér útvegum efnis og samdi við Miðbæjarradíó á Hverfisgötu um útvegum. Fyrir þá sem hafa áhuga þá eru til nokkur sett óseld. Þegar þetta er sett á blað hefur flest af þessu fólki lokið smíðinni og gert prófanir varðandi yfirsveiflur og þessháttar vandamál, sem geta gert þeim lífið leitt.

Háskóli Íslands lánaði okkur húsnæði og mælitæki fyrir þetta verkefni og einnig fyrir kennslu á fræðilega þætti námskeiðsins. Við þökkum fyrir þessa aðstoð.

Því miður verður að segjast að þrátt fyrir sæmilega aðstöðu í Þróttheimum á fimmtudögum gátum við ekki haft allt þetta þar og því urðum við að fara annað.

Hvað framtíðin ber í skauti sér vitum við ekki en eins og málin eru í dag þá virðist ekki vera fararsnið á okkur frá núverandi aðstöðu, en við munum halda áfram að horfa eftir hentugu húsnæði þar sem við getum verið í friði.

Framundan eru útileikarnir og vil ég hvetja alla til þess að taka þátt í þeim og þá sérstaklega nýju amatörana. Einnig vil ég minna á VITA gamanið. Enn er ekki vitað um hvar við verðum en líklegt er að við endurtökum þetta með Knarrarósvita. Framkvæmdin er í höndum varaformanns.

Með kveðju
TF3HP.

Hell frá Hell

Eins og stundum áður tók LA1K þátt í alþjóða Hell keppninni í október 1997. Ekki frá Þrándheimi í þetta sinn, heldur frá Hell, sem að sjálfsögðu er heppilegur staður fyrir Hell-keppni. Myndin á QSL kortinu er frá HELL GODS - EXPEDITION og slær rauðum bjarma á himininn (eins og þeir geta séð sem fá blaðið í tölvupósti). Til að forðast allan misskilning vil ég taka fram að Hell er lítið þorp í Þrándalögum, stutt frá Værnes, sem er flughöfn Þrándheims. Nafnið mun upprunalega hafa verið Hellir. Járnbrautarstöðin er ákaflega vinsælt mótíf sérstaklega meðal enskumælandi ferðamanna.

73 de TF5SJ/LA0BX



Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36
þ. 4. maí 1999 kl. 20:45
Allir stjórnarmenn mættir.

1. Formaður sýndi fundargerðabók félagsins sem nýlega kom í leitirnar. Er bókin frá tímabilinu 1953—1970 og eru þar skráðir stjórnar- og aðalfundir tímabilsins. Ritara var falið að yfirfara bókina ef mætti birta eitthvað úr henni á heimasíðu eða blaði félagsins til skemmtunar og fróðleiks, en síðan skal henni komið fyrir á Borgarskjalasafni með öðrum eldri gögnum félagsins, til varðveislu og skráningar.

2. Bréf hefur borist frá TF3AX sem fer fram á að fá að nota kallmerkið TF2AX frá sumarbústað sínum. Mælt er með erindinu og ritara falið að framsenda það til Póst og fjarskiptastofnunar.

3. Bréf hefur borist frá Póst og fjarskiptastofnun þar sem umsagnar um erindi TF8GX er óskað, en hann sendi það beint til stofnunarinnar án atbeina ÍRA. Að umfjöllun lokinni er samþykkt að mæla með því að TF8GX verði heimilað að veita forstöðu hópstöð í Vestmannaeyjum þótt hann sé ekki C-leyfishafi, einnig er mælt með að stöðin fái að senda með allt að 500W PEP afl en ekki er mælt með því að stöðin fái kallmerkið TF7X eins og farið er fram á. Deilur hafa verið um eins stafs kallmerki til hópa og tillögur að reglum ekki enn verið mótaðar af félaginu hvað það varðar. Því er talið rétt að fylgja að sinni nógildandi reglugerð sem kveður á um 2-3 stafi á eftir svæðisstaf.

4. TF3AX hefur komið að máli við formann og mælist hann til þess að félagið geri viðurkenningsarkjal handa þeim sem staðist hafa nýliðamorsprófið á námskeiði í vetur. Samþykkt einum rómi.

5. Rætt er um tengsl við fjölmiðla og hvernig félagið geti gert sig sýnilegra en nú er. Varformanni er falið að hafa samband við blöð og ljósvakamiðla í þeim tilgangi að koma fréttum af starfsemi félagsins á framfæri.

6. Svar hefir borist frá ÍTR vegna bréfs um

húsnæðismál. Er erindinu vísað til framkvæmdastjóra ráðsins, Ómars Einarssonar og er formanni falið að óska eftir fundi með honum.

7. Rætt um fjármál félagsins og undirbúning að fjárhagsáætlun. Er gjaldkera falið að koma með drög að slíku á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 23:20

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36
þ. 2. 6. 1999 kl. 20:30

Allir stjórnarmenn mættir. Í upphafi fundar tilkynnti formaður að gjaldkeri hefði farið fram á frestun á umræðum um fjárhagsáætlun til næsta fundar og verður sá liður því ekki á dagskrá.

1. Fyrir liggur beiðni POF um umsögn um umsókn Ulrich Von Aswegen frá Suður Afríku um gestaleyfi. Samþykkt einróma að mæla með því.

2. Bréf hefur borist frá POF um hópstöð í umsjón TF8GX í Vestmannaeyjum tiltekna helgi. Veitt er leyfi fyrir TF7GX og má nota 500 W PEP afl.

3. Erindi liggur fyrir frá POF um umsögn um umsókn frá nýstofnuðum Radíóklúbbi Reykjanness, sem sækir um kallmerkið TF8RX. Þar að auki er sótt um að TF8GX, Guðlaugur Jónsson veiti klúbbinum forstöðu og að nota megi 500 W PEP afl í keppni. Samþykkt er að mæla með tilgreindu afl og jafnframt að vikið sé frá þeirri meginreglu að forstöðumenn klúbbstöðva séu C-leyfishafar, en gerð er athugasemd við stöðvar-kennið RX, sem hefur verið úthlutað áður, TF6RXN. Ekki er unnt að hafa samband við TF6RXN sem er starfandi sjómaður á úthafsveiðiskipi um þessar mundir. Sé það hins vegar staðfastur ásetningur POF að endurúthluta úrunnum nýliðakennum verði ekki gerður ágreiningur um það að svo stöddu.

4. Rætt um amatörnámskeið vetrarins, prófið og þá reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem var viðhaft. Almennt þykir hafa tekist nokkuð vel til og eru stjórnarmenn staðráðnir í að halda áfram á sömu braut.

Framhald á síðu 14

TF3JS

Þagnaður lykill - silent key

"Jón Sigurðsson var öflugur liðsmaður hvar sem hann fór. Áhugasamur og heill, kraftmikill og hollur þeim hagsmunum og málstað sem hann kaus að verja hverju sinni. Honum var lagið að umgangast fólk og stofna til kynna; hann var félagsmálamaður í þess orðs bestu merkingu. Erfiðleikum mætti hann af einurð."

Þessi voru orð eins þeirra manna sem áttu samleið með Jóni í lífi og starfi um lengri eða skemmri tíma. Þessi orð vil ég gera að mínum því vart er hægt að lýsa betur þeim áhrifum sem Jón hafði á sitt umhverfi.

Við Jón komum inn í ÍRA að mig minnir á kynningarfundum sem félagið hélt á Café Höll einhvern tíma á árinu 1964. Strax var ljóst að Jón hafði mikinn áhuga á fjölbreyttu félagsstarfi og vildi efla og stækka félagið. Jón var fljótlega eftir inngöngu sína í ÍRA kjörinn endurskoðandi félagsins. Á aðalfundi í janúar 1968 var hann kjörinn í stjórn félagsins og tók þar við starfi ritara. Jón starfaði í stjórn félagsins í um það bil eitt ár en þá fór hann til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum í Sviss.

Margt mátti læra af Jóni því hann var vanur fundamaður og kraftmikill í hverju sem hann tók að sér. Mér eru minnisstæð nokkur atvik frá félagsstarfinu á árinu 1968 og ber þar hæst í minningunni heimsókn eins af framkvæmdastjórum ARRL sem hafði beðið um að fá að hitta stjórn félagsins. Við Jón ásamt nokkrum öðrum félagsmönnum hittum Richard

Baldwin eina kvöldstund og borðuðum með honum og konu hans kvöldverð. Þar sýndi Jón að hann kom eins fram við jafnt höfðingja sem óbreytta liðsmenn og var hann okkur sem áttum því láni að fagna að starfa með honum gott fordæmi.

Jón hafði hæfileika sem fáum er gefinn, hann kunnir að hlusta á skoðanir annarra og ræða þær og skilja þó aðra hefði hann sjálfur. Hann var alltaf opinn fyrir nýjum hugmyndum og tilbúinn að brjóta málin til mergjar og koma með tillögur.

Jón var amatör af lífi og sál. Í Sviss tók hann að sér stjórnun amatörstöðvarinnar 4U1I TU og var mjög virkur í loftinu undir því kallmerki á árunum 1968-70. Margir amatörar minnst eflaust skedanna við Jón á þessum árum. Jón var um nokkur ár virkur í loftinu eftir að hann kom heim frá Sviss en svo tóku brauðstritið og önnur áhugamál yfirhöndina hjá honum eins og fleirum. Síðastliðinn vetur tók hann að sér kennslustund fyrir nýja verðandi amatöra og þá kviknaði áhuginn að nýju og hann sagði sem svo: "kannski þetta verði til þess að ég fari aftur í loftið".

Ég vil fyrir hönd amatöra þakka Jóni það sem hann lagði af mörkum til amatörsamfélagsins og að hafa verið einn af frumkvöðlum í stækkun og eflingu ÍRA á sínum tíma. Við eigum honum mikið að þakka.

de TF3JA

Námskeið - smíðaverkefni - amatörismi

Til stóð að vera hér með ýtarlega grein um námskeiðin í vetur og smíðaverkefni sem fylgdu í kjölfar þeirra en ég ákvað um helgina að fresta þeirri greinargerð þar til í ágústmánuði því smíðaverkefnum og prófum er enn ekki lokið af ýmsum ástæðum.

Þess í stað ákvað ég að skrifa hér almennar hugleiðingar um námskeið, próf og amatörisma. Ég vona að engum leiðist þessi skrif en gott væri nú að fá einhverja umsögn um þau einhversstaðar til dæmis í tölvupósti eða loftinu þegar vitað er að ég er að hlusta.

Fyrst vil ég þó segja það að ég hef hugsað mér að skipuleggja námskeið aftur í haust og þá að fenginni reynslu frá því í vetur lagfæra ýmislegt sem betur mátti fara. Þess vegna lýsi ég hér með eftir tillögum og hugmyndum um komandi námskeiðahald og fer ekki dult með þá skoðun mína að öll námskeiðin eigi að verða til á netinu jafnóðum þannig að þeir sem ekki eiga aðgengi að kvöldtímunum í Reykjavík geti samt tekið fullan þátt og komið í próf að loknum námskeiðum. Ég tala hér um námskeið í fleirtölu því ég held að best væri að vera samtímis með: A) fræðilegt námskeið B) morsenámskeið og C) smíðanámskeið.

Ég hef hugsað mér að skipuleggja námskeiðin þannig að þau nái yfir þriggja mánaða með upphaf 1. október og endi 31. janúar. Kennslan fellur niður í desember og prófin verða fyrir lok janúar áður en skíðaferðir og vetrarútivist hefjast fyrir alvöru.

Allt námskeiðahaldið verður í Þróttheimum og á netinu enda tjáði formaðurinn mér nýlega að líklega fengi félagið að halda sinni aðstöðu þar áfram um óákveðinn tíma.

Ég hef ekki gefið uppá bátinn að virkja “reynda” amatöra til kennslunnar og aðstoðar við smíðaverkefni enda hef ég líka fengið þá nýsýn á amatørþjálfunina að smíði og fikt eigi að vera miklu stærri hluta af kennslunni en hingað til hefur verið samanber bílprófið. Hér er jú um að ræða keyrslu á sendibúnaði í loftinu.

En tökum nú til við svolítið nöldur, amatörar eru eins

ég hef áður sagt allt of fáir á Íslandi að mínu mati. Amatörar eru alls ekki nógu virkir á Íslandi og ef svo fer fram sem horfir þá spái ég því að amatörisminn líði undir lok á Íslandi innan fimm ára. En hvað er til ráða? Til að byrja með þarf að breyta þessum landlæga hugsunarhætti að nóg sé að kjósa formann og stjórn yfir félag og þá sjái þeir um allt sem þarf eftir það. Það vantar að hópur amatöra eða einstakur amatör taki sig til og standi fyrir eða skipuleggi uppákomur af amatörtagi eins og til dæmis refaveiðar. Ef eitthvert líf væri í amatörum þá væri eitthvað um að vera að minnsta kosti aðra hverja helgi yfir sumartímann og slagsmál um að fá einhverja helgi fyrir sína uppákomu. Hverjar ættu svo þessar uppákomur að vera? Ja, til dæmis bara prófun á loftneti yfir Dimmugljúfur eða dípóll á botni Dimmugljúfra, refur falinn í einhverjum sumarbústað þar sem biði heitt kaffi á könnunni fyrir þá sem finndu staðinn. Þórsmerkurhelgi þar sem ýmsar stöðvar væru í gangi eða tjaldbúðamorse við eitthvert gott veiðivatn. QRP keppni frá ýmsum fjallatoppum samtímis, QRP keppni frá golfvellingum í Borgarnesi og þannig mætti lengi telja. Við höfum hér allt til að geta sameinað áhugamálin og tekið fjölskylduna með í amatörinn.

Jæja en nú er ég kominn langt frá upphafinu sem var umræðan fjölgun amatöra og amatörisma almennt.

Það er of flókið og erfitt að verða amatör í dag, kröfur um morsehraða eru of miklar og það ætlar að taka of langan tíma að breyta þessu.

En nú er sumar úti og því nenni ég ekki að skrifa meira í dag en tek aftur til við lyklaborðið þegar húmið fer að dökkna.

Hafið það sem best í sumar, 72/73/88 de TF3JA

**GJALDKERI
MINNIR Á
FÉLAGSGJÖLDIN**

OHR 100 A QRP

Sæll gamli!

Mér datt í hug að segja þér frá tækinu sem ég keypti mér í vetur, eða réttar sagt efninu sem varð svo að tæki.

Ég eyddi nokkrum tíma í að vafra fram og aftur um veraldarvefinn og skoða í sýndarbúðargluggana þar, en það er ótrúlega mikið til af ósamsettum tækjum og möguleikarnir nánast ótæmandi. Eftir nokkur tölvubréfaskipti við amátora endaði það með því að ég pantaði sett frá Oak Hills Research sem heitir OHR 100A. Þetta er ódýrt 5W tæki sem er bara eins



bands og aðeins fyrir CW, það er til fyrir 40, 30 og 20m; ég tók 20m tækið. OHR er annars eitt af þessum gömlu frægu, W1FB, Doug DeMaw stofnaði það og rak í mörg ár, síðan rak KE8KL, Dick Witzke það, en núna er Marshall Emm, N1FN, ágætur tölvupóstkunningi minn eigandi og driffjöldur OHR.

Þetta er QRP tæki af klassískri gerð, þar sem áherslan er lögð á vandaðan móttakara og góðan sendi en umfram allt, það er einfalt í samsetningu og aðgengilegt fyrir þá sem ekki eru atvinnumenn. Það er allt sem þar innifalið í verðinu, allir íhlutirnir, kassinn, takkar og tengi. Og svo eru allskonar fíðusar í græjunni. Það er náttúrliga hásláttartæki, og með afar næmum móttakara. Það hefur VFO sveifluvaka og stillisviðið er full 70 kHz. Ég hef ekki prófað sjálfur hvað sveifluvakinn reikar mikið eftir því sem tækið hitnar, en á netinu er það sagt orðlagt fyrir hvað það er stöðugt. Reyndar er það aðeins á kostnað einfaldleikans við smíðina, eldri útgáfur höfðu stillipétti sem bandsetti sveifluvakann


nákvæmlega en það jók víst á óstöðugleika og í þessu tæki eru það bara vindingarnir á toroid hringnum í sveifluvakannum sem notaðir eru til að kvarða tíðnina.

Fyrir utan hinn sjálfsagða styrkstilli með rofa og svo tíðnistilli hefur tækið stillanlegt RF-gain á framhliðinni; þá er RIT stilling, allt að 1KHz sem hægt er að stilla hvort sem er upp eða niður fyrir senditíðnina og svo rúsínan í pylsuendanum: stillanleg (millitíðni)kristalsía í 1200–400 Hz bandbreidd. Það er svo sem hægt að breyta henni með lágmarksfyrirhöfn og þrengja alveg niður í næstum ekkert, en svona stillir framleiðandinn þessu nú upp.

Aftaná tækinu er tengi fyrir hátalara, annað fyrir heyrnartól, lykil og loftnet, gat fyrir framan pottinn sem stillir útgangsstyrkinn og svo úttak fyrir tíðniteljara. Já og auðvitað rafmagnstengi fyrir 12V því ekki er gert ráð fyrir innbyggðum rafhlöðum.

Nú, nú, þegar pakkinn var kominn tók ég mér góðan tíma í að skoða apparatið og bókmenntirnar með, en þær eru 'idiotsikker'. Vanir menn smíða þetta á 8 klst. en ég notaði nú lengri tíma, lóðaði ekki of mikið í einu og vandaði mig. Uppbyggingin er þannig að ekki er gert ráð fyrir að sett sé í gang og prófað fyrr en allt er komið saman, en sum tæki eru skipulögð þannig að hægt er að prófa eftir því sem smíðinni fer fram og villuleita jafnóðum.

Það var spennandi að setja í samband þegar búið var að lóða allt á prentásina og viti menn, það



heyrðist suð sem hækkaði eftir því sem ég sneri

Framhald á síðu 14

TF útileikarnir 1999

TF-útileikarnir verða haldnir um verslunarmannahelgina. Tilgangur útileikana er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós.

1. Aðalþáttöku tímabil:

kl. 1700-1900 laugardag 31. júlí 1999

kl. 0900-1200 sunnudag 1. ágúst 1999

kl. 2100-2400 sunnudag 1. ágúst 1999

kl. 0800-1000 mánudag 2. ágúst 1999

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildar þáttökutími hvernar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálf tími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi. Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/30/20/17/15/12/10 metrar reiknast sem eitt band. Þeir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem eru kristalstyrðir. Munið nýju innanlandstíðnina 3633 kHz.

2. Skilaboð

a) Lágmarksupplýsingar sem skipt er á eru: RST og QSO númer. Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu. Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Auk þess geta þátttakendur fengið viðbótarþunkta fyrir að skiptast á eftirtöldum upplýsingum:

b) QTH eða QTH-lokator, loftnet, inngangsafli í wöttum og ER eða RA.

ER (Ekki rafveita) þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að engu leiti frá rafveitukerfi.

RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að einhverju leyti frá rafveitukerfi.

Einnig eru gefnir þúntar fyrir:

c) QTC (Skilaboð) bæði send og móttokin. QTC eru upplýsingar um QSO (tíma, kallmerki og tíðni),

sem þátttakandi hefur haft áður í útileikunum og sendir annari stöð ásamt þeim upplýsingum, sem hann tók á móti. Upplýsingar um hvert QSO má aðeins senda einusinni í QTC og má sendingin fara fram á hvaða þáttökutímabili og bandi sem er (þó ekki HF QSO á VHF eða öfugt). Senda má hámark þrjú QTC (þ.e. upplýsingar um 3 QSO) til hvernar stöðvar og QTC-ið má ekki greina frá QSOi þeirra á milli. QTC má ekki segja frá utanlands-QSOi nema við íslending erlendis. Aðeins má senda hvert QTC einu sinni.

Dæmi: QTC 1630 TF3ÞÞ 3633 569 012 Hengill LW 5W ER.

Sá sem sendi þetta hafði QSO við TF3ÞÞ kl. 1630 á 3633 kHz og tók á móti RST 569 og QSO númeri 012 frá honum og því að hann var staddur í Hengli, notaði LW og var með 5W ER stöð.

3. Fullgild QSO

Samband telst þá og því aðeins fullgilt að:

- Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum rétt.
- RST og QSO númer séu rétt móttekin hjá báðum.
- Heyrst hafi R ("Roger" eða allt rétt móttekið) frá stöðinni, sem skipt er við um að hún hafi náð öllu réttu.

4. Bönd

Nota má öll amatörbönd, sem heimil eru skv. reglugerð og leyfisbréfi þátttakanda. Þó er þátttaka á tíðnum á VHF og UHF alveg óháð þáttöku á HF og MF (sjá 9. lið). Enn fremur reiknast 40/20/15/10 metra böndin sem eitt band í þúntagjöf.

5. Þúntar

Þúntar eru reiknaðir fyrir viðskipti við stöð ef fullgilt QSO næst við hana skv. skilgreiningunni að framan (liður 3). Þúnta fjöldi á hverju bandi fer eftir þeim upplýsingum sem skipt er á þannig:

A) Fyrir rétt RST og QSO númer 10p.

B) Fyrir rétt QTH, loftnet, afl ER/RA 10p.

Fyrir rétt QTC sent eða móttekið:

C) Innihald: tími, kallmerki, tíðni, RST og QSO númer 10p.

D) Innihaldi QTC að auki: QTH, loftnet, afl, ER/RA 10p.

Þúntar reiknast aðeins ef upplýsingaskiptin eru

gagnkvæm, þ.e. ef 3b) eða 3c) upplýsingar nást aðeins aðra leiðina reiknast engir púnktar fyrir það. Framantalið gildir fyrir QSO innanlands og við íslendinga erlendis. Fyrir erlendar stöðvar, ekki starfræktar af íslendingum:

E) Innihald: RST (QSO númer sé skráð en ekki gefið) 1p.

F) Sé að auki skipst á nafni, afli og QTH 1p.

Engir púnktar fyrir QTC.

Á VHF og UHF má hafa samband gegnum endurvarpa eða beint. Til viðbótar fást þar 10 púnktar fyrir hvern km. sem haft er QSO án endurvarpa. Fjarlægðir reiknast á grundvelli QTH reits (QTH lokaror) milli miðpúnkta þeirra reita ("sub-square"), sem stöðvarnar eru í.

6. Margfaldarar

Þeir eru þrír: M1 er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við. M2 er fjöldi íslenskra kallsvæða sem haft var samband við eða úr. Hvert kallsvæði talið einu sinni. M3 fer eftir aðstæðum $M3=10$ fyrir ER stöðvar, sem bornar voru með aflgjafa meira en eins kílómetra leið á áfangastað. $M3=8$ fyrir aðrar ER stöðvar. $M3=5$ fyrir RA stöðvar.

7. RA Heimastöðvar

Þær fá hvorki púnkta né margfaldara fyrir aðrar RA stöðvar né stöðvar erlendis. Þetta gildir ekki um íslenska þátttakendur erlendis.

8 Lokaárangur

Lagðir eru saman púnktar allra banda (samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band). Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara:

Lokaárangur = Púnktar * M1 * M2 * M3

Hafi menn ekki starfækt stöðvar sínar allan tíman á sama M3 margfaldara, er tekið vegið meðaltal, þ.e.:

$M3=10 * P10 + 8 * P8 + 5 * P5$

Heildarpúnktafjöldi

Þar sem P10 er púnktafjöldi með $M3=10$, P8 er púnktafjöldi $M3=8$ og P5 er púnktafjöldi með $M3=5$.

9. Flokkar

Þátttaka er í fjórum flokkum:

1. Hlustarar.
2. Nýliðar.
3. HF/MF flokkur
4. VHF/UHF flokkur.

Hlusturum reiknast púnktar skv. 5. lið á grundvelli fullgildra útleika-QSOa og QTCa sem þeir heyra og

skrá rétt. Þátttaka í HF/MF flokki og VHF/UHF flokki er alveg óháð og hvorki púnktar né margfaldarar færast á milli þótt sami þátttakandi taki þátt í báðum flokkum. Gildir það einnig um hlustara.


10. Dagbók

Afriti af dagbók skal skila til ÍRA fyrir 1. Október. Þar skal skráð kallmerki, tími, dagsetning, band, púnktar, margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttekin. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda púnkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

11. Vafaatriði

Rísi einhver vafaatriði um túlkun reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðar vald.

Góða Skemmtun.



RADIÓDAGBÓK TF-útileikarnir 1999

Dagur tími	STÖÐ	QRG	Teg útg	Sent RST-QSO nr.-QTH-Loftnet-Afl-ER/RA QTC: tími-kallmerki-tíðni+skilaboð	Móttekið RST-QSO nr.-QTH-Loftnet-Afl-ER/RA QTC: tími-kallmerki-tíðni+skilaboð	P	M1	M2	M3

Undirskrift/kallmerki _____ Samtals: _____ af
 ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR Blað nr: _____

TF-ÚTILEIKARNIR

1999



Samantektarblað

Nafn þátttakanda _____ Kallmerki _____

Póstfang _____

Fjöldi meðfylgjandi radiódagbókarblaða _____

Staðsetning í útileikunum _____

Tæki notuð _____ Afl inn _____ wött

Þáttökuflokkur _____ ER RA

Ummæli/frásögn/tillögur um breyttar reglur o.s.frv. _____

Niðurstöður:

Bönd	$P_5 =$ punktar m/M3=5	$P_5 =$ punktar m/M3=8	$P_5 =$ punktar m/M3=10	M1	M2	M3
160 metrar						$\frac{5 \times P_5 + 8 \times P_8 + 10 \times P_{10}}{P_5 + P_8 + P_{10}}$
80 metrar						
Önnur bönd						
Samtals:						

Lokaárangur= $(P_5+P_8+P_{10}) \times M1 \times M2 \times M3 =$ _____

Ég undirritaður staðfesti hér með, að ég hef í þessum útileikum farið í einu og öllu eftir settum reglum leikanna svo og reglugerð um radióviðskipti á Íslandi.

Staður _____

Dagsetning _____

Undirskrift/kallmerki _____

Í hvaða reit ert þú

STRÖKAR GRÁÐUR | JAFNAR GRÁÐUR
50° 40' 30" 20' 10" | 50° 40' 30" 20' 10"

REIÐIR ESHITIKI | HINDRANARSTUÐUR
FIMMTA TÁKNID

ISLENZKIR
RADIOAMATÖRAR

--- sýslunétt
- - - - - heppunétt
KALLSVÆÐI ISLANDS
OG
QTH-LOCATOR

1 HUADA REIT ERT ÞU???

1. Finndu staðsetningu þína í gráðum og mínútum eins nákvæmlega og unnt er.
2. A. Korfðu finnur þú fyrstu fjögur táknið eftir því í hvaða ferhyrning þú ert.
3. Fimmta táknið er bókatáfur, sem þú finnur í lærettu töflunni eftir lengdarstaðsetningu þinni.
4. Sjötta táknið er bókatáfur, sem þú finnur í löðrettu töflunni eftir breiddarstaðsetningu þinni.

SJÖTTA TÁKNID

55 50 45 40 35 30 25 20 15 10 5

K I U U T S R O J O N N L K J I I H G F E O C B B

Radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar var stofnað 14. ágúst 1946 og var því frá upphafi ætlað það hlutverk að kynna og efla radíókunnáttu Íslendinga og stuðla þannig að tækniframförum og hvetja ungt fólk til að taka þátt í tæknivæðingu þjóðarinnar.

Áður höfðu nokkrir ungir menn smíðað og notað fjarskiptatæki til þess að hafa samband við útlönd og mun fyrsta tækið verið smíðað árið 1913 á Seyðisfirði af þeim Þorsteini Gíslasyni, sem síðar varð stöðvarstjóri Pósts og síma þar eystra, og Friðbirni Aðalsteinssyni síðar skrifstofustjóra Pósts og síma. Þetta var frumstæður neistasendir og fátt um aðkeypta hluti. Fleiri fylgdu á eftir og á millistríðsárunum var nokkuð um að menn væru að senda skilaboð á milli landa og var í flestum tilfellum notað mors. Fyrsta reglugerð um starfsemi radíóamatöra var sett í aprílmánuði 1946 og eftir það tók fyrir þessar “ólöglegu” sendingar og félagsmenn fengu reglur til að starfa eftir.

Í fyrstu var starfsemi radíóamatöra undir miklu eftirliti hins opinbera enda stutt frá stríðslokum og hræðsla við njónstarfsemi mikil. Sá ótti reyndist náttúrulega ástæðulaus og hafa starfsskilyrði amatöra breyst mikið síðan þá. Margvíslegum hömlum sem áður þóttu eðlilegar hefur verið aflétt og þar að auki hefur tæknipróunin ýtt undir að amatörar hafa fengið fleiri tíðnisvið til afnota með árunum.

Radíóamatörar voru fljótir að tileinka sér tækni sem fylgdi í kjölfar geimvísinda og geimferða og fengu að senda á sporbaug um jörðu fjarskiptahnetti og þannig er í dag að í mörgum flaugum sem flytja gerfihnetti eiga radíóamatörar einn eða jafnvel tvo. Má nefna að í geimstöðinni MIR er endurvarpi ætlaður fyrir radíóamatöra og hafa stórveldin sem manna stöðina lagt mikla áherslu á að geimfararnir væru einig radíóamatörar. Hafa ófáir amatörar víðsvegar um heiminn haft þá ánægju að spjalla við geimfarana í tólmstundum þeirra um borð.

Radíóamatörar hafa strangar siðareglur um samskipti sín á milli og eru stjórnámál, trúmál og önnur slík ágreiningsefni aldrei til umræðu, en vináttuþel, sameiginlegur áhugi á fjarskiptunum og forvitni um það sem að baki tækninni býr er umræðuefnið. Amatörar hafa áunnið sér verðugt traust hvarvetna og skiptir þá engu hvert þjóðskipulag eða stjórnálakerfi er í landi þeirra og í dag eru sárafáar þjóðir sem ekki leyfa þessa starfssemi.

Á Íslandi hafa radíóamatörar verið framanlega í

þróun þráðlausra fjarskipta t.d. það voru þeir sem settu fyrst upp endurvarpa á metrabylgju þrátt fyrir vantrú að slík gæti heppnast. Árangurinn varð sá að nú í dag eiga íslenskir amatörar fjóra slíka og í undirbúningi er að setja enn einn upp. Radíóamatörar hafa séð um fjarskiptastörf fyrir Almannavarnir ríkisins og þá á sama grundvelli og björgunarsveitirnar, í sjálfböðavinnu, og hefur fjöldi manna komið að því starfi. Fyrir rúmu ári á æfingu Almannavarna og NATO voru það radíóamatörar sem sáu um framkvæmd fjarskipta og það var einnig hópur radíóamatöra sem tryggði að skipuleggjendur æfingarinnar væru í góðu fjarskiptasambandi við hinar ýmsu þætti. Víða erlendis er það eitt af skilyrðum fyrir leyfisveitingu að þeir skuldbinda sig til þess að nota fjarskipta tæki sín í þágu almennings þegar þannig háttar til.

Nú sem fyrir ætlum við hjá Í.R.A. að halda námskeið í grunnþáttum radíófræðanna fyrir þá sem hyggjast þreyta próf til réttinda og verður kynningarfundur í Þróttheimum við Holtaveg fimmtudaginn 4. febrúar kl. 20:30 . Reyndar er ætlunin að halda tvö námskeið:

a) Nýliðanámskeið, en próf að því loknu gefur réttindi til þess að nota stuttbylgju (3.5 , 7.0 og 21 Mhz) og þá eingöngu á morsi.

b) námskeið til A og T prófs en sömu kröfur eru gerðar til kunnáttu í radíófræðum þeirra tveggja leyfa, en T leyfið heimilar tal og tölvusamskipti á metrabylgju en fyrir A leyfið er að auki krafist leikni í morsi og má þá nota það á stuttbylgju. Þegar amatör hefur síðan verið virkur þátttakandi með A elyfi í 6 mánuði getur hann þá sótt um B leyfi án frekara prófs og fær þá réttindi til að tala á stuttbylgjutíðni og nota aukið afl.

Netslóð Í.R.A. er:

<http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html>

en þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið og þar er einnig netútgáfa af félagsblaðinu okkar Ágæti lesandi, ef þú hefur áhuga, komdu í Þróttheimi og athugaðu hvort ekki sé þar eitthvað fyrir þig.

Haraldur Þórðarson,
formaður Íslenskra radíóamatöra.

Grein þessi birtist í Morgunblaðinu fyrr á þessu ári.
Ritstjóri

Stafrænar sendingar

Tveir stafrænir sendingar mátar hafa náð miklum vinsældum á undanförunum mánuðum. Ástæðan er að margir eiga öll tæki sem til þurfa og hugbúnaðurinn fæst ókeypis á netinu. Þar að auki eru báðar aðferðirnar ætlaðar fyrir bein sambönd manna á milli, en ekki til gagnaflytninga. Ég vil flýta mér að taka sérstaklega fram að ekki er nauðsyn að vera tæknifíkill til að nota þessar aðferðir sem heita PSK31 og Hell.

PSK31

PSK er skammstöfun fyrir mótunar aðferðina, það er að segja “Phase Shift Keying” eða fasa skipti lyklun. SP9VRC mun vera upphafsmaðurinn, en G3PLX hefur þróað og endurbætt og skrifað forritið sem flestir nota í dag. Einhverjir kannast sjálfsagt við G3PLX, Peter Martinez, en það var hann sem á sínum tíma gerði AMTOR úr TOR. PSK31 notar mjög lítið af tíðnisviðinu fyrir hvert samband og passar vel fyrir QRP. Ég hef haft fáein sambönd og notað 5 W út. Til þess að komast í loftið á PSK31 þarf sendi sem er stöðugur á tíðninni og tölvu með hljóðkort og Windows (eða Linux). Forritið er á <http://aintelbi.ehu.es/psk31.html>. Þar er líka að finna mikinn fróðleik um PSK31, þar á meðal ágætir greinar eftir Peter. Þá er bara eftir að tengja saman tölvu og radíó og leita að PSK31 merkjum á eða nálægt 14070,150 kHz.

Hellschreiber

Það eru ekki nema um það bil þrjú ár síðan PSK31 leit dagsins ljós en Hellschreiber, eða bara Hell er komið til ára sinna. Nafnið kemur frá uppfinningamanninum, þjóðverjanum Dr. Rudolf Hell, sem mun hafa sótt um einkaleyfi í kringum 1930. Siemens & Halske sáu svo um þróun og framleiðslu á tækjunum. Á WARC ráðstefnunni í Kairó árið 1938 var samþykkt að nota kerfið fyrir þráðlausan ritsíma. Búið var að byggja upp Hell kerfi í Þýskalandi fyrir fréttaflytning og á stríðsárunum notaði Þýski herinn Hell, bæði þráðlaust og á símalínum. Sænski herinn keypti mörg Hell tæki sem þeir seldu svo mörgum árum seinna og komust sum þeirra í eigu sænskra amatöra. Fjöldinn allur af Hell tækjum hlýtur að hafa verið í Noregi og Danmörku við uppgjöf þjóðverja árið 1945, en flest eru löngu glötuð. Einstaka sinnum er þó hægt að finna Hellschreiber á uppboðum í “Norsk Radiohistorisk

Forening”. Eftir stríðið tapaði Hellschreiber samkeppninni við önnur fjarskiptakerfi og virtist úr sögunni. Í kringum 1963 fór svo Siemens aftur að framleiða Hell tæki. Nú í nýrri og nútímalegri útgáfu sem er kölluð Hell 80. Kaupandinn var herinn í Þýska Sambandslýðveldinu. Í dag eru þessi tæki löngu orðin safn gripir.

Hell og amatörradíó

Það voru hollenskir radíóamatörar, PA0AOB og PA0CX sem þurrkuðu rykið af nokkrum gömlum Hell tækjum og komu þeim í gang á amatörböndunum (1976). Síðan hafa fáeinir amatörar notað Hell, aðallega á 80 og 40 metrum. Í síðustu alþjóða Hell keppni í október 1998 voru 22 þátttakendur frá 8 löndum á stuttbylgju og 6 þátttakendur á VHF/UHF. Ég komst fyrst í kynni við Hellschreiber þegar ég las grein í Ham Radio í desember 1979. Þótti mér þetta athyglisvert, en það var ekki fyrr en að ég eignaðist ZX Spectrum tölvu (Z80, 48 k minni) að skriður komst á málið. Móttökuforrit fékk ég frá PA3CTL og skrifaði svo sendingar hlutann og 4. desember 1988 rann upp sá stóri dagur að ég kallað á DL10Y á 80 metrum og fékk svar. Síðan hef ég notað Hell ekki sjaldnar en einu sinni á ári en stundum oftar. Seinna eignaðist ég IBM samhæfða tölvu og skrifaði að sjálfsgöðu Hellforrit fyrir hana og hafa margir notað það fram að þessu. Í vetur skrifaði svo Nino IZ8BLY prýðis gott forrit fyrir hljóðkort og Windows. Lifnaði þá yfir mannskapnum og eru nú yfir 400 amatörar frá 40 löndum virkir á Hell og alltaf bætast fleiri við. Hægt er að nota sömu tölvu/radíó tengingu fyrir PSK31 og Hell, þannig að fjöldinn allur af amatörum eru virkir á báðum mátum. Mest Hell virkni er nú á 14061 kHz og nokkur kHz upp á við. Það þarf að passa að fara ekki niður á 14060 kHz en þar hafa QRP áhugamenn sín sambönd. Murray ZL1BPU er með ágætis heimasíðu með miklum fróðleik um mismunandi útgáfur af Hell og yfirlit yfir hvað til er af forritum. Síðuna finnur þú á <http://www.qsl.net/zl1bpu>.

73 de TF5SJ/LA0BX

**OG HANN MINNIR ENN
Á FÉLAGSGJÖLDIN**

Fundargerðir stjórnarfunda frh.

5. Formaður lagði til að stefnt yrði að Knarrar-ósvitaferð í sumar, en alþjóðlega vitahelgin er 21.–22 ágúst. Skyldi stefnt að útimegi þar sem fjölskyldur yrðu hvattar til að koma. Samþykkt einróma og var varaformanni falið að sjá um undirbúning og skipulag.

6. Rætt um húsnæðismál og ÍTR. Framkvæmdastjóri ráðsins hefur enn ekki gefið kost á fundi og var formanni falið að fylgja málinu eftir og fá fund við fyrsta tækifæri.

7. TF3WOT og TF3TXT kynntu drög að punkta-kerfi sem þeir hafa unnið að hönnun á, þar sem amatörar fengju punkta fyrir hvaðeina í starfi sínu, sem síðan mætti meta til réttinda, en TF3KB kastaði þessari hugmynd fram á fundi með Bruce Perens í vor. Þannig gætu amatörar fengið leyfisfrangang á misjafnan hátt, allt eftir áhugasviðum og færni hvers og eins. Urðu allmiklar umræður um þessar hugmyndir og sýndist sitt hverjum. TF3VS lagði áherslu á að ef slíkt kerfi yrði tekið upp teldi hann grundvallaratriði að punktarnir yrðu veittir með hlutlægum mælikvörðum. Tóku TF3HP og TF3GB undir þá skoðun og töldu ekki leggjandi á nokkurn mann að þurfa að leggja huglægt mat á starf einstakra amatöra. Yrði það vísast rót illdeilna og óánægju fyrr en síðar. Ekki var ályktað um þetta mál á fundinum, en voru menn á einu máli um að velja þessu fyrir sér fram á haust og taka það aftur upp þá.

8. Nokkrar umræður hafa orðið um þátttöku félagsins í IOTA og er lagt til að farið verði í Viðey síðustu helgina í júlí og þá verði unnið að því að eyjan geti fengið númer.

9. Formaður lagði til að ekki yrði haldinn stjórnarfundur í júlí með reglubundnum hætti, en brýn mál yrðu afgreidd með skyndi- eða símafundum. Samþykkt.


Fundi var lokið kl. 23.

Fundargerð ritaði TF3VS

OHR 100 A frh.

styrkstillinum. Þannig átti það einmitt að vera. Það eru ekki flókin tæki sem þarf til að stilla tækið eftir samsetningu, góðan AVO mæli og tíðniteljara og svo RF wattmæli. Ekkert skóp eða annað sem ekki er til á nánast hverjum amatörbæ. Ég átti reyndar ekki nothæfan RF wattmæli fyrir svona lítið afl svo ég varð að smíða hann líka, en það er ekkert mál, bara 50 ohma álagsviðnám og svo germanium díóða til að afriðla og þétti til að halda við – og lesa svo bara spennuna með AVO mælinum. Jú það þarf þá að reikna líka svolítið $U^2/R*0,7$, en það er alltí lagi við hátíðleg tækifæri.

Fyrst þurfti að stilla sveifluvakann. Tíðniteljarinn minn er nú ekkert sérstakt vísindatæki, ég á Mighty Fine Junk lofnettsanalyser, sem ég nota

**RF-aflmæling**

Lóðið nokkur viðnám til að gefa 50 ohma viðnám og þola 5 wött í smátíma. Díóðan ætti að vera germanium, þéttirinn keramik. Svona mæling gefur PEP gildið, þannig að RMS aflíð er þá $U^2/R*0,7$. T.d. ef mælingin er 4,5 V þá er aflíð $4,5^2/50*0,7$ eða um 285 mW.

við allt mögulegt og hann er einmitt með innbyggðum tíðnimæli. Þetta er reyndar uppáhaldsmælirinn minn og ef ég get með einhverju móti notað hann frekar en einhvern annan, þá geri ég það. Nú, til þess að fínstillta sveifluvakann þarf að dúlla við spóluna í honum og þrengja eða gleikka á milli vafana á henni eftir þörfum. Svo þegar maður hefur slampast á rétta bilið er haugað naglalakki yfir til þess að festa stillinguna. Dálítið hrossalækningalegt, en þetta er liður í því að lágmarka vanstillingu við hitabreytingar síðar við notkun. Svo þarf að mæla nokkra staði og stilla örfáa potta, að lokum er svo útgangsaflíð mælt og stillt á 5W til að tækið sé nú örugglega QRP.

Já, þetta geta nú allir fyrst ég gat það og ég hvet alla sem hafa gaman af því að bræða tin til að skemmta sér við eitthvert svona sett.

Málhreinsun

Orðabýðingar og nýyrðasmíðar vilja oft verða nokkuð afskiptar þegar tæknimál er annars vegar. Allt of oft komum við okkur hjá að reyna að íslenska ýmis orð sem mikið eru notuð í rafeindatekninni og notum útlendu orðin (yfirléitt ensk) nokkurn veginn hrá svo árangurinn verður ógurlegasta hrognamál.

Þannig “tjúna menn línearinn út í lóðið með því að breyta kapasítetinu í fænalnum” í stað þess að laga magnarann að álaginu með því að breyta rýmdinni í útganginum.

Rétt er að sumum kann að þykja þessi þýðing hálf hjákátleg, en ef betur er að gætt, þá er það oft miklu fremur vaninn en smekkvísinn sem ræður orðalaginu.

Málhreinsun í þessum efnum er gerð með ýmsu móti:

1. Útlend orð eru tekin lítið breytt inn í málið, t.d. radíóamatör (e. Radio Amateur).
2. Útlend orð eru þýdd eða búinn til/notuð hliðstæð íslensk orð, t.d. standbylgja (e. standing wave) og sía (e. filter).
3. Gömul og “gleymd” íslensk orð endurvakin með breyttri merkingu, t.d. sími (e. telephone) og nóri (e. transistor).

Auðvitað er ekki hægt að benda á neina eina aðferð öðrum betri við slíkar þýðingar. Stundum er nær ógerlegt að finna gott orð í íslensku og þá er þrautalendingin að nota útlenda orðið lítið breytt, enda þótt varla geti það talizt góð lausn.

Við þýðingar útlendra orða er gott að hafa eftirtalin sjónarmið í huga: Íslenska orðið sé sem stytzt og þægilegast í meðförum, helst þjálfa en hið útlenda. Orðið verði skiljanlegt og merkingin augljós, en síður notuð orðskrípi sem enginn kannast við, jafnvel þótt kallast megi íslenskt. Slíkt framandi orð tekur a.m.k. oft langan tíma að vinna sér sess í málinu.

Í rafeindatekninni er urmull orða sem ennþá vantar þýðingar, svo og í amatormálinu. Tökum sem dæmi: El-bug, (antenna-)tuner, beam, yagi, quad, coax-kapall, o.s.frv. Hér er kjörinn vettvangur til að leggja höfuðið í bleyti og senda fréttabréfinu síðan hugmyndir að þýðingum á þessum orðum eða öðrum.


Auðvitað þarf ekki að taka það fram að allar uppástungur eru vel þegnar og það sem virðist fráleitt við fyrstu sýn getur oft verið bezta lausnin við nánari athugun. Lesandi góður, þú átt næst leik. Hvað leggur þú til málanna????

Heimild


Fréttabréf ÍRA 1. Árgangur 2. Tölublað apríl 1979

Feld Hell

Það eru til margar útgáfur af Hell en algengast er Feld Hell. Sendingin líkist venjulegu morsi því hægt er að lykla sendirinn á sama hátt. Hraðinn er alltaf sá sami, 400 ms fyrir hvern bókstaf. Við móttöku þarf að raða merkjunum saman á sérstakan hátt. Merkin á mynd 1 verða að bókstafnum E eins og



sést á mynd 2. Byrjaðu neðst í vinstra horni á mynd 2 og farðu upp á við. Taktu svo næsta stólpa á sama hátt og síðan koll af kalli. Berðu þetta saman við mynd 1, en þar byrjar þú vinstra megin og ferð til hægri. Með þessari aðferð er hægt að senda allskonar tákn enda notuðu kínverjar lengi Hellschreiber til að senda sín tákn. Móttakandinn veit ekki hvenær hver bókstafur byrjar, en leysir það vandamál á einfaldan hátt með því að skrifa hvern bókstaf tvisvar. Önnur línan verður þá alltaf lesanleg. Það gerir ekkert þó sendir og móttökuvél noti ekki nákvæmlega sama hraða. Bókstafirnir mynda þó bara hallandi línur. Skoðuðu mynd 3. Hell þolir



tölverðar truflanir því augað getur lengi greint bókstafina þó einhver auka sverta sé í kring, eða þó ögn vanti á legg. Í dag nota flestir tölur í staðinn fyrir gömlu vélarnar og gefur það möguleika á stafrænni merkjavinnslu og þar með betri móttöku. Mynd 1 og 2 eru úr SARTG NEWS.

Fréttir

VIÐEYJARFERÐ

Nokkrir félagar í ÍRA ætla að fara í Viðey síðustu helgina í júlí ef nokkur kostur er, og starfrækja stöð þaðan í þeim tilgangi að eyjan fái IOTA númer.

Þeir sem vilja taka þátt í undirbúningi og/eða ferðinni hafi samband við formann félagsins, TF3HP.

ARRL handbókin 1999

Eitt eða tvö eintök eru á lausu til sölu hjá ritara, TF3VS. Lysthafendur snúi sér til hans hið fyrsta.

Nýr radióklúbbur

Radióklúbbur Reykjaness hefur verið stofnaður. Formaður er Guðlaugur K. Jónsson TF8GX og varaformaður er Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Kallmerki klúbbsins er TF8RX

CEPT

Bandaríkin og Kanada hafa nú gengið til samstarfs við CEPT og hefur fyrsti bandaríkjamaðurinn nú þegar komið til landsins á svoleiðis leyfi.

Knarrarósvitaferð

Eftirfarandi er úr stjórnarfundargerð frá júní. Formaður lagði til að stefnt yrði að Knarrarósvitaferð í sumar, en alþjóðlega vitahelgin er 21.–22 ágúst. Skyldi stefnt að útidegi þar sem fjölskyldur yrðu hvattar til að koma. Samþykkt einróma og var varaformanni falið að sjá um undirbúning og skipulag.

QSL-ROUTES 1999

1999 útgáfan af QSL-ROUTES er komin út á geisladiski. Á þessum diskum eru upplýsingar um meira en 96 þúsund DX stöðvar og tölvupóstföng meira en 3 þúsund QSL Managera. Útgefandinn er Theuberger Verlag GmbH, P.O. Box 73, D-10122 Berlin, Germany. Tölvupóstfang sales@funkamateur.de. Diskurinn kostar 15-20 USD.

Næsta CQTF

kemur út í byrjun september 1999 og þarf efni að hafa borist ritstjóra fyrir 15. ágúst 1999



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU